



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Hraunborg

2019 – 2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglíngar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra.....	3
2 Innra mat;	5
Lóuland	5
3 Spóaland	7
4 Þrastaland.....	11
5 Ytra mat	13
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	18
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	21
8 Foreldrasamvinna.....	23
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	23
10 Fylgigögn.....	26
10.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	26
10.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	26
10.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	26



Leiðarljós leikskólans:

„Að vera í skóla er ekki undirbúningur fyrir lífið, það er lífið” John Dewey.

Í Hraunborg leggjum við áherslu á einkunnarorðin okkar „leikur, læsi og lífsgleði”. Við trúum því að áhugi barns stjórnari námi þess og að það læri af eigin reynslu. Undirstöðupættir í uppeldisstarfinu eru: Leikur, læsi í hólkvíðum skilningi, gleði og lífsleikni. Í leik lærir barn að þekkja og virða sjálf sig og aðra, það þróar með sér jákvæða sjálfsmynd, sjálfstæði, sjálfsaga og að eiga samskipti við aðra.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Enn á ný er komið að nýju starfsári. Eins og ávallt voru verkefni síðasta starfsárs fjölbreytt, krefjandi og skemmtileg. Hefðbundin verkefni sem sneru að uppeldisstarfinu, rekstri leikskólans, starfsmannahaldi og foreldrasamstarfi voru á sínum stað en við bættust verkefni tengd ytra matinu sem gert var á vorönn 2018.

Leikskólastarfið í heild gekk vel, þrátt fyrir nokkur tímabil fáiiðunar og marga nýliða. Áætlanir stóðust að mestu leyti, þó eru alltaf einhver verkefni sem ekki næst að vinna að eins og áætlað hefur verið. Sum verkefni þurfa lengri tíma til að festa rætur í starfinu og önnur verkefni hafa vikið vegna tímaleysis eða annarra ófyrirséðra aðstæðna t.d. eins og mikilla forfalla í starfsmannahópnum og áframhaldandi nýliðunar vegna þeirra.

Aðlögun barna sem hófst síðari hluta ágústmanaðar milli deilda og nýrra barna á yngstu deild gekk nokkuð vel. Í haust nýttum við okkur þátttökuaðlögun á yngstu deildinni, foreldrar voru með okkur í þrjá fyrstu daga aðlögunarinnar. Við endurmat kom í ljós að starfsmönnum yngstu deildarinnar sem voru nýliðar þótti þessi aðferð aðlögunar mjög krefjandi og erfið og foreldrar voru einnig misánægðir. Þetta haust vorum við með óvenjulega mörg eins árs börn í hópi nýliðanna. Við vissum þegar lagt var af stað í haust að einn af starfsmönnum yngstu deildar yrði ekki með okkur nema til áramóta, af þeim sökum var sótt um fækkun barna um tvö til að verkefnið yrði okkur ekki ofviða. Það tók tíma að ráða nýjan starfsmann þannig að við þurftum að bjarga okkur með afleysingu eða vera færri framan af nýju ári.

Í september komu Ásdís Olga og Kristín Hildur til okkar með fræðslu um innra mat. Í þeim mánuði fórum við einnig í námsferð til Akureyrar, þar skoðuðum við tvo leikskóla og fórum á ráðstefnu um læsi í skapandi skólastarfi. Starfsmenn voru ánægðir með ferðina, þeim fannst þeir bæði fá nýja sýn á verkefni leikskólans og staðfestingu á að við værum að gera góða hluti. Einnig stuðlaði ferðin að góðu hópefli.

Í lok október misstum við tvo starfsmenn í langveikindi og um miðjan nóvember bættist einn starfsmaður við. Tveir af þessum starfsmönnum störfuðu við sérkennslu og málörvun og einn var yfirmaður eldhúss, af þessum sökum gátum við ekki staðið við áætlanir varðandi málörvunina. Aðstoðarmaður í eldhúsi tók við stjórn þar og afleysing tók tímabundið við fyrri



verkefnum hennar. Um áramót tókst að ráða tímabundið í stöðu aðstoðarmanns í eldhúsi. Í mars misstum við svo deildarstjóra í langveikindi, það hafði þau áhrif að aðstoðarleikskólastjóri/sérkennslustjóri tók að sér það verkefni þar sem ekki tókst að finna starfsmann í starfið.

Þrátt fyrir þetta var verið að vinna að þeim umbótum sem ákveðnar höfðu verið vegna ytra matsins bæði þeim sem tengjast deildarstarfinu (sjá í deildarmati) og þeim sem ákveðið var að allur hópurinn ynni að. Verkefnin sem allur hópurinn ætlaði að vinna með var að skoða dagskipulagið, að vinna með viðhorf starfsmanna varðandi trú á getu barna, efla virka hlustun, koma skipulagi á innra mat og finna grunnildin í hópastarf. Stofnaður var rýnihópur starfsmanna til að skoða dagskipulagið og þann efnivið sem notaður er til að meta vægi fjörugra og rólegra athafna í núverandi skipulagi og koma með tillögur/ ábendingar um athafnir til að ná jafnvægi milli þessara þátta. Rannsakendur í ytra mati töldu að allt of mikið væri af rólegum athöfnum og að nýta mætti húsnæðið betur. Rýnihópurinn taldi að jafnvægi milli þessara þátta væri til staðar í dagskipulaginu. Hópurinn kom með hugmyndir varðandi aukna nýtingu efniviðs sem tengist hreyfingu sem lagðar voru fyrir starfsmenn á skipulagsdegi og voru þær samþykktar þar. Allur starfsmannahópurinn velti fyrir sér nýtingu húsnæðisins og gerðar voru tilraunir með breytingu á því hvernig nýtingin var útfærð t.d. varðandi útiveru. Í hópastarfi voru gerðar breytingar til að ná betur fram tilgangi þess t.d. með því að breyta þjálfun yngri barna í tölulæsi svo hægt væri að koma við aukinni þjálfun í félagsfærni.

Ekki tókst að fá til okkar fyrirlestur um viðhorf starfsmanna á trú á getu barna. Við fengum hins vegar Guðnýju Reynisdóttur starfsmann Skóla- og frístundasviðs til okkar með fyrirlestur um virka hlustun, það var eitt af því sem talið var að starfsmenn þyrftu að bæta sig í.

Í október skipulögðum við endanlega hvernig úrvinnslan úr ytra matinu átti að vera. Ákveðið var að fá Ásdísi Olgu sem er okkar ráðgjafi varðandi þetta verkefni tvisvar á deildarfundum með hverri deild til að leiðbeina deildarstarfsmönnum með framhaldið. Einnig kom hún á einn fund með stjórnendateyminu. Við fengum einnig ráðgjafa til að styðja við nýjasta deildarstjóran okkar. Með þessu móti náðum við að koma umræðum um starfið vel af stað og virkja alla til þátttöku.

Eftir áramót fórum við í heimsóknir í leikskólana Stakkaborg og Borg til að sjá hvernig þeir eru skipulagðir með tilliti til nýtingar á rými. Byggingum þessara skóla svipar til skipulagsins í Hraunborg. Haldið var áfram að vinna að markmiðum og leita að grunnildum starfsins og því fyrir hvað við viljum standa. Einnig var verið að prófa að breyta útiveru á þann hátt að hluti hópsins var úti bæði fyrir og eftir hádegi og hluti inni. Þannig skapast aukið rými til hreyfingar og leiks fyrir hvorn hóp um sig. Auk þess var verið að velta fyrir sér hvernig við ætlum að vinna með félagsfærni og sjálfsaga (verkefni tengt nýrri menntastefnu) til framtíðar. Niðurstaða þeirrar umræðu vísaði okkur í átt að "Jákvæðum aga" sem er uppeldisstefna byggð á sjálfstjórnarkenningum, við hefjumst handa við að skoða hana betur í haust og ákvarða hvernig við tileinkum okkur vinnu með hana.



2 Innra mat;

Lóuland

Á Lóulandi eru 26 börn og fjórir starfsmenn sem eru í alla staði frábærir. Gott samstarf og andrúmsloft ríkir á milli starfsmanna á deildinni. Við lögðum áherslu á að bera virðingu fyrir hver annarri og börnunum. Einnig var áhersla á að allir starfsmenn færu eftir deildarskipulaginu, ynnu sjálfstætt og hefðu yfirsýn yfir það sem þyrfti að gera til að allt gengi vel á deildinni.

Börnin eru á aldrinum 3ja til 6 ára. Yfir heildina gekk starfið vel síðasta ár. Aðlögun nýrra barna gekk mjög vel. Foreldrasamstarfið var gott, lögð var áhersla á að skapa góða samvinnu og traust á milli leikskóla og foreldra. Foreldraviðtöl voru bæði fyrir og eftir áramót.

Upplýsingum til foreldra er miðlað munnlega og með auglýsingum á upplýsingatöflu í fataherbergi, með tölvupósti og facebook síðu deildarinnar sem foreldrar kunna vel að meta.

Í hópastarfinu fyrir áramót byrjuðum við með vinnu með stærðfræði með tveimur elstu árgöngunum, sem reyndist of erfið fyrir yngri hluta hópsins. Ákveðið var að breyta fyrirkomulaginu og minnka stærðfræðina og taka inn vinnu með félagsfærni í staðinn, eftir það gekk vel. Allir starfsmenn á deildinni voru vanir og því gekk hópastarfið vel eftir breytinguna. Hóparnir voru fjórir og skiptum við í hópana eftir aldri barnanna.

Eitt af gildum leikskólans er læsi. Unnið var markvisst með læsi og notuðum við námsefnið; Lubbi finnur málbein, Orðahljóð sem er bingó sem þjálfar hljóðvitund og Sögugrunn sem þjálfar frásögn. Í hverri viku kynntum við fyrir börnunum eitt máhljóð og unnum með það á ýmsa vegu. Til dæmis hlustuðu börnin á sögur tengda máhljóði vikunnar, elstu börnin æfðu sig að skrifa máhljóðið, fundu orð sem byrjuðu á því og sungu kvæðið um máhljóðið. Yngstu börnin föndruðu máhljóð vikunnar, notuðu leir til að móta máhljóðið í og sungu kvæðið um það.

Við vorum alltaf með val í boði eftir hádegi sem gekk vel og er mjög vinsælt hjá öllum börnunum. Í valinu voru í boði svæðin á deildinni, salurinn og listsköpunarsvæðið. Stundum þurfti að loka svæðum vegna mannekle.

Útiveran var vel nýtt þ.e.a.s þegar veðrið bauð upp á útiveru. Garðurinn er mjög vinsæll hjá börnunum eftir að hann var endurbættur.

Vettvangsferðir sem voru einu sinni í viku voru t.d. nýttar til að leita í umhverfinu að máhljóði vikunnar, æfa umferðarreglur, skoða náttúruna og þjálfa grófhreyfingar. Ferðirnar urðu færri yfir háveturinn en gengu allar vel.

Tvær samverustundir voru fastur liður í dagskipulaginu rétt fyrir matmálstímann, þar var sungið og ýmislegt rætt um daginn og veginn og samverustund eftir síðdegishressingu þar



sem lesnar eru sögur og unnið með Orðaspjall. Yfir heildina gengu þær vel. Síðari hluta vetrar var prófað að vera með fundi með börnunum tvisvar í mánuði í samverunni fyrir hádegis til að gefa þeim kost á að ræða sínar skoðanir á því sem gert er í leikskólanum og segja frá því sem þau vilja gera.

Matmálstími gekk vel, mikil ró og næði ríkti á þessum tíma og oft urðu skemmtilegar umræður milli barnanna. Hvíldin gekk vel, þar var lögð áhersla að að ná ró og að læra að slaka á. Í hvíldinni leggjast yngri börnin á dýnur, fá teppi og kotta og þau hlusta á sögur í upptökuformi eða á rólega tónlist. Eldri börnin fengu að velja sér efnivið til rólegra leikja.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; Hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver Framkvæmi r	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni, hópur eða safna gögnum	Viðmið er gæðalýsing Og/eða Mælikvarð i sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Útbúa ferilmöppu fyrir hvert barn sem inniheldur skráningar	Stefnt er að því að bæta skráningar á námi barnanna	Þurfum að ákveða hvað við ætlum að hafa í	Hefst haust 2019 og lýkur að vori 2020	Allir starfsmenn deildarinnar	Að vori munu kennarar skoða möppur barnanna	Að öll börnin á deildinni verði komin með ferilmöppu



um nám þeirra		ferilmöppu hvers barns. Einnig hvernig við ætlum að nýta þessi gögn fyrir barnið og starfið			og sjá hvort að þau verkefni sem var búið að ákveða að hvert barn inni séu í möppunn i	þar sem nám þeirra er skráð bæði skriflega og á myndræna hátt
Vinnu með sköpun og að starfið endurspegli að áhersla er lögð á ferlið fremur en afurðina	Börnin fá að skapa á eigin forsendum án þess að utanað-komandi hafi áhrif á listsköpun þeirra.	Auðvelda aðgengi að listsköpun fyrir börnin og þau fá sjálf að hafa áhrif á val á efniviði	Allt árið	Starfsmenn deildarinnar	Metið á deilda-fundum síðla hausts og að vori	Að börnin eflist í listsköpun á eigin forsendum

3 Spóaland

Fjórir starfsmenn voru á deildinni í haust en því miður þá herjuðu mikil veikindi og forföll á sumu af þessum starfsmönnum þannig að starfið fór mikið úr skorðum og erfitt að fylgja eftir til að mynda þeim umbótaþáttum sem átti að vinna að. Í mars fór svo deildarstjórinn í veikindaleyfi og tók aðstoðarleikskóla- og sérkennslustjórinn við deildarstjórninni. Um miðjan maí kom nýr starfsmaður á deildina og tók hann við deildarstjórastöðunni um miðjan júní. Á deildinni var einnig til að byrja með stuðningur með einu barni en svo fjölgaði börnunum og urðu börnin sem voru með stuðning orðin þrjú um vorið. Aðlögun á milli deilda gekk vel enda fylgdi starfsmaður frá yngstu deildinni börnunum á meðan þau voru í aðlögun.



Foreldrasamstarfið gekk ágætlega framan af vetri. Foreldrar fengu upplýsingar um starfið að mestu leyti í gegnum facebook síðu deildarinnar. Einnig voru sendir einstaka tölvupóstar. Foreldrar yngri barnanna fengu stutt viðtal við deildarstjórnann að hausti til og svo var öllum foreldrum boðið upp á viðtal í byrjun maí en upphaflega áttu viðtölin að vera í mars en vegna mannabreytinga þá færðust þau til.

Eitt af áhersluatriðum Hraunborgar er læsi og unnum við með námsefni því tengdu í hópastarfi. Hópastarfið var fjórum sinnum í viku, frá mánudegi til fimmtudags, það datt nokkrum sinnum niður vegna manneklu. Á mánudögum þá unnu allir hópar með máhljóð vikunnar og notuðu við það bókina, Lubbi finnur málbein. Ýmis verkefni voru unnin út frá máhljóðunum, tveir elstu hóparnir fundu orð sem byrjuðu á máhljóði vikunnar. Elsti hópurinn skrifaði líka niður orð og þau teiknuðu myndir sem pössuðu við orðin. Næst elsti hópurinn vann líka með hljóðið úr bókinni Ljáðu mér eyra. Tveir yngstu hóparnir notuðu forritið Lærum og leikum með hljóðin og unnu með það, þau notuðu leir og bjuggu til máhljóð vikunnar úr honum.

Tveir elstu árgangarnir fóru í Sögugrunn og völdu sér tvær myndir til að byrja með en síðan fór þeim fjölgandi eftir því sem á leið veturinn. Út frá myndunum sem þau völdu sér sögðu þau sögu sem var annaðhvort hljóðrituð eða skrifuð niður á blað. Síðan teiknuðu þau myndirnar sem tengdust sögunni á blað og sagan var prentuð út og síðan límd á blaðið. Einnig voru stundum teknar myndir af börnunum við þær myndir sem þau völdu og myndin og sagan prentuð út á sama blað.



Yngstu hóparnir fóru í sögulestur og orðaspjall þar sem kennarinn átti að finna bók við hæfi barnanna og taka út orð sem átti að útskýra nánar hvað þýddu, klappa það, hvísla og segja það í kór.

Í stærðfræðinni vorum við með bókina Í talnalandi 1 og 2, næst elsti hópurinn var með bók nr.1 og elstu börnin með bók nr.2. Yngri börnin lærðu um litina, formin, tölustafina, að telja upp í 10. Einnig



var lögð mikil áhersla á félagshæfni og var hún æfð í gegnum leik í hópastarfinu. Í Listabergi var unnið með það þema sem var í gangi hverju sinni, sem var oftast nær 2-3 vikur í senn. Hver hópur fór svo í vettvangsferð einu sinni í viku og var markmiðið með ferðinni að finna eitthvað sem tengdist máhljóði vikunnar og skoða nærumhverfið, þessar ferðir féllu stundum niður vegna veðurs og mannekle.

Elstu börnin fóru í íþróttahúsið í Austurbergi í íþróttir sem voru skipulagðar af ÍR og í þeirra boði. Öll börnin fengu að fara í Gerðuberg þar sem bókasafnið var heimsótt. Elstu börnin fóru í talsvert af ferðum út fyrir hverfið t.d. Hallgrímskirkju, Borgarleikhúsið, Þjóðleikhúsið, Hörpuna og Safnahúsið svo eitthvað sé nefnt.

Málörvun fór að mestu leyti fram í hópastarfinu og í sérstökum málörvunarhópum sem voru fyrir þau börn sem þurftu sérstaklega á því að halda að fá auka örvun. Því miður þá gekk þetta ekki lengi vegna veikinda starfsmanna. Betur tókst en áður að gefa sér tíma til að ræða við börnin og leggja orð á athafnir en betur má ef duga skal. Sögustundir eftir kaffitíma barnanna tókust oft á tíðum ágætlega en ekki náðist að kynna nógu vel fyrir nýju starfsfólki orðaspjallsaðferðina.

Samveru- og söngstund fyrir matartímann gekk mjög illa til að byrja með í haust þannig að börnunum var skipt upp í tvo hópa og áttu börnin föst sæti í þessum stundum. Skilaði þetta mjög fljótt góðum árangri og fengum við góða leiðbeiningar frá ráðgjöfum frá Þjónustumiðstöð Breiðholts. Í dag eru börnin saman í samverustund og una sér vel.

Matartíminn hefur gengið upp og niður og skrifast það að miklu leyti á rót á starfsfólki deildarinnar. Síðan grunnmönnum deildarinnar varð stöðug hefur allt gengið miklu betur og komin mun meiri ró á deildina.

Í haust var ákveðið að taka fyrir tvo umbótaþætti fyrir þetta skólaár. Fyrir valinu urðu; Umhyggja einkennir samskipti starfsfólks við börn og Starfsfólk leiðbeinir og tekur þátt í leik barna þegar það á við. Þetta ákvað starfsfólk deildarinnar í sameiningu snemma haust 2018. Það er skemmst frá því að segja að í lok vetrar var komið nánast allt nýtt starfsfólk á deildina og þar á meðal nýr deildarstjóri (aðstoðarleikskóla- og sérkennslustjórinn) sem leysti tímabundið af veikindi deildarstjórans. Svo í dag er kominn nýr deildarstjóri sem á að leysa af langtímaveikindin. Þannig að það er búið að vera mikið rót á starfsfólki deildarinnar og hefur það komið nokkuð niður á starfi deildarinnar. Því var ákveðið á fundi nú í vor að hafa þessa umbótaþætti tvo áfram inni. Starfshópurinn var sammála um að það hefði náðst einhver árangur en ekki ásættanlegur. Um leið og grunnmönnum fór að vera stöðugri þá komu framfarir, eins og með umhyggju og samskipti þá varð hugarfarsbreyting hjá starfsmönnum. Í sambandi við að starfsmenn leiðbeini og taki virkan þátt í leik barnanna þá fannst starfshópnum að við þyrftum að vera meira vakandi, grípa fyrir inn í og taka þátt í leiknum. Sumum fannst þeir hafa bætt sig en það



má alltaf gera betur. Við teljum að með því að halda okkur áfram við þessa tvo umbótaþætti að þá náum við í leiðinni betri tókum á ýmsum öðrum þáttum sem er ábótavant.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðara ðili	Endurmat : hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær heft og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ hver framkvæm ir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópar, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Umhyggja einkennir samskipti starfsfólks við börn	Að öll börn finni fyrir umhyggju og að það sé hlustað á þau. Að börnin fái notið sín sem sjálfstæðir einstaklingar	Hugarfars- breyting starfsfólks, hver starfsmaður skrái niður samskipti sín við börnin og skoði út frá því hvað má betur gera. Gefa því gaum hvað börnin eru að	Veturinn 2018- 2019	Deildarstjó ri og starfsfólk deildarinnar	Á deildarfund i í janúar, ræða um skráningar- nar, hvernig hefur gengið og hvað má betur fara. Endurmat í maí	Að börnin finni fyrir því að hvert og eitt er mikilvægt og að borin sé virðing fyrir þeim. Börn og starfsfólk verði ánægðara í leikskólanum



		segja og virða þeirra hugmyndir				
Starfsfólk leiðbeinir og tekur þátt í leik barna þegar það á við.	Að starfsfólk sé vakandi og sjái þegar það þarf að fara inn í leik barnanna og leiðbeina þeim.	Starfsfólk sé á staðnum (í núinu), fylgist með börnunum og taki virkan þátt þegar það á við. Finna lesefni fyrir starfsfólk um mikilvægi leiksins. Skrániður hvað við gerðum og hvernig gekk	Veturinn 2018-2019	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	Á deildarfundum eftir áramót, ræða hvernig hefur gengið, ræða skráningar sem hafa verið gerðar. Hvað getum við gert betur. Endurmat í maí	Að starfsfólk taki ósjálfrátt þátt í leik barnanna og finnist það eðlilegt ferli

4 Þrastaland

Á deildinni eru fjórir starfsmenn. Gott andrúmsloft og gott samstarf einkennir deildina. Prófuð var þátttökuaðlögun í fyrsta skipti, deildin endurnýjaðist alveg, tólf ný börn tekin inn samtímis. Tvö börn bættust við mánuði seinna. Aðlögunin var frekar strembin fyrstu vikurnar en fór svo að verða auðveldari eftir sem leið á.

Samstarf við foreldra var mjög gott, gagnkvæm virðing milli starfsmanna og foreldra og afslöppuð samskipti. Tvö foreldraviðtöl voru yfir veturinn, að hausti rétt eftir að aðlögun hófst og svo aftur að vori. Foreldrar gátu einnig alltaf óskað eftir viðtali ef þörf er á. Upplýsingum var komið til foreldra með tölvupósti, auglýsingum í fataherbergi eða á sameiginlegri Facebook síðu. Nú eða bara í léttu spjalli í fataherbergi. Allir foreldrar voru ánægðir með starfið og framför barna þeirra á deildinni.



Hópastarf hófst í september og lauk í byrjun júní. Stuðst var við vikuseðla. Inn í hópastarfið fellur ýmislegt svo sem samskipti, málörvun og að læra að leika saman í hóp. Umbótaþættir sem teknir voru fyrir í vetur voru málörvun og skráningar á námi barna. Hvoru tveggja gekk mjög vel. Í málörvuninni var stuðst við ýmislegt svo sem kennsluefnið „Lubbi finnur málbein“. Þar eru máhljóðin kynnt fyrir þeim og Lubba lögin sungin. Önnur málörvun var virk hlustun, virk umræða og hvert tækifæri nýtt til að tala saman, við matarborðið, í fataherbergi og við bleyjuskripti svo eitthvað sé nefnt. Söngstundir og lesstundir eru einnig daglegar. Undir voru nokkur börn af deildinni byrjuð í vinnustund þar sem unnið var einnig með málörvun. Mikil framför var á máli flestra barnanna yfir veturinn. Við lítum svo á núna að málörvun sé í góðum farvegi og verði hér eftir fastur liður í starfi deildarinnar og áfram verði stuðst við það sem við höfum notast við í vetur. Málörvun verður því ekki lengur umbótaþáttur.

Varðandi seinni umbótaþáttinn, skráningu á námi barna þá gekk það mjög vel í vetur. Myndskráningar hafa verið mikið notaðar, sýnum vinnuna við verkið og allt gert sýnilegt fyrir foreldra. Vikuskráningar á hópastarfi hafa einnig verið aðgengilegar fyrir foreldra í fataherbergi. Við lítum svo á að þessi umbótaþáttur sé einnig komin í góðan farveg og munum halda áfram uppteknum hætti. Skráning á námi barna verður því ekki lengur umbótaþáttur.

Í vetur byrjuðum við einnig að gera ferilmöppur en í þær söfnum við ýmsu skemmtilegu eftir börnin. Meðal annars skráum við hæð, spyrjum spurninga, handa- og fótafar tekið svo eitthvað sé nefnt. Ferilmappan er skemmtileg aðferð á skráningu á þroska og námi barnanna fyrir foreldra að skoða.

Útiveran gekk vel, við lögðum mikið upp úr útiveru strax í byrjun aðlögunar. Við nýtum alla daga í útveru yfir háveturinn þegar veður leyfir. Börnin fá einnig tíma í fataherberginu til að þess að æfa sig að klæða sig sjálf. Þessi tími tvinnast inn í hópastarfið. Þau læra heilmikið og eflast við þetta.

Varðandi fjölmenningu litum við svo á að börn á þessum aldri séu ekki komin með skilning á því að þau eigi rætur sínar að rekja til annarra landa og því var ekki verið að vinna sérstaklega með þann þátt.

Samverustundir, matartímar og hvíld gengu vel. Börnin eru ekki lengi að átta sig á notalegheitum gæðastundanna. Á skömmum tíma lærðu þau að sitja, syngja og hlusta á sögur. Samverustundir voru nýttar til að kenna þeim litina og tölustafina meðal annars. Börnin á Þrastalandi skammta sér ekki mat sjálf, þau eru einfaldlega of ung og maturinn oft mikið heitur. Matartímar gengu yfir höfuð vel. Í hvíldinni á hvert barn sýna dýnu, sinn kotta og sitt teppi. Hvíldin gekk alltaf vel enda börnin fljót að komast uppá lagið með hvað hvíldin er notaleg.

Í heildina litið gekk starfið mjög vel, starfsfólk deildarinnar var mjög samstíga. Gagnkvæm virðing ríkti milli allra starfsmanna og allir fengu jöfn tækifæri til að láta ljós sitt skína. Allir starfsmenn voru með sama markmið að láta starfið ganga vel fyrir sig. Unnið var að því að



kenna börnunum frumkvæði, sjálfsbjörg og að mynda sér sjálfstæðar skoðanir og taka virkan þátt í leik og starfi. Starfsmenn munu halda áfram að sýna börnunum ómælda umhyggju og hvetja þau áfram í að verða sjálfstæðir einstaklingar. Einnig munum við leggja áherslu á eftirfarandi atriði.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlu n	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenar og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæm um við það?	Hvenar hefst og hvenar lokið?	Hver ber ábyrgð/Hve r framkvæmi r?	Hvaða aðferðir á að nota?(könn un, rýni,hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Börnin hafi áhrif á viðfangsefn i skipulagðra stunda	Að börnin hafi val	Börnin velji sjálf bækur og lög sem eru sungin. Að börnin velji dót til að leika sér með.	Allt árið	Deildarstjór i og starfsfólk deildarinna r	Metið reglulega á deildar- fundum	Lýðræði verði sýnilegra á deildinni
Unnið markvisst með sjálfstæði	Sjálfstæði aukið í daglegu starfi	Hafa trú á getu þeirra og hvetja þau áfram	Allt árið	Deildarstjór i og starfsmenn deildarinna r	Símat allt árið. Skrá framfarir barnanna	Að börnin læri sjálfsbjörg og verði með því sjálfstæðari

5 Ytra mat

Skóla- og frístundasvið framkvæmdi viðhorfskönnun meðal foreldra. Tilgangur hennar var að fá fram viðhorf þeirra til leikskólastarfsins. Þessar niðurstöður eru nýttar til að bæta árangur í starfinu. Könnunin var í formi spurningalista og rafræn. Helstu niðurstöður voru þær að,



svarhlutfallið var 71,9 % . Hæsta einkunn sem hægt er að fá er 5,00. Hér á eftir má sjá helstu niðurstöður:

Þáttur:	Niðurstaða:
Heildaránægja með leikskólann	4,18
Barninu líður vel í leikskólanum	4,62
Tel barnið mitt vera öruggt	4,43
Vingjarnlegt andrúmsloft	4,30
Skólanum er vel stjórnað	4,15

Starfsmenn Skóla- og frístundasvið framkvæmdu einnig ytra mat á starfsemi leikskólans sem skilað var í maí 2018. Matið á að vera leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðla að betra skólastarfi. Starfið var skoðað út frá fimm þáttum, hver þáttur hefur síðan þrjá til sex undirþætti. Helstu niðurstöður voru eftirfarandi:

Þættir:	Styrkleikar	Tækifæri til úrbóta
Stjórnun	Gott verklag í öllum þáttum	
Uppeldis-og menntastarf	Gott verklag í tveimur þáttum	Fjórir þættir krefjast úrbóta
Mannauður	Gott verklag í tveimur þáttum	Einn þáttur krefst úrbóta
Leikskólabragur	Gott verklag í þremur þáttum	Einn þáttur krefst úrbóta
Innra mat		Tveir þættir krefjast úrbóta Einn þáttur óviðunandi



Ákveðið var að vinna að eftirfarandi úrbótaþáttum síðasta starfsár;

Endurskoðun dagskipulags

Settur var á stofn rýnihópur sem í voru starfsmenn frá hverri deild, þeir skoðuðu dagskipulagið með það að markmiði að auka jafnvægi milli rólegra og fjörugra athafna og eins hvaða efniviður er notaður í leik barnanna. Rýnihópurinn taldi að gott jafnvægi væri milli rólegra og fjörugra leikja, hann lagði fram tillögur að meiri nýtingu efniviðar sem ýtir undir hreyfingu í sal leikskólans bæði í vali (þar er einnig boðið uppá einingakubba og holukubba) og síðdegis ef ekki er unnt að fara út. Þessi tillaga var samþykkt. Við teljum þessu verkefni lokið.

Viðhorf starfsmanna

Ekki tókst að fá fræðslu um þennan þátt eins og fyrirhugað var og vinnan sem stefnt var að var lítil. Þessi þáttur verður því áfram á dagskrá hjá okkur, við höfum ákveðið að vinna með leikskólabraginn hjá okkur með því að nýta okkur “Jákvæðan aga” sem er uppeldisstefna byggð á sjálfstjórnarkenningum sem stjórnæki. Þar er meðal annars unnið með viðhorf starfsmanna.

Virk hlustun

Við fengum Guðnýju Reynisdóttur til okkar með fyrirlestur um þetta, hann opnaði fyrir okkur sýn á það hversu mikilvægt það er að nota virka hlustun. Ekki tókst að vinna með fyrirhugaða örvaskráningu. Á haustdögum kom fram verkefnið “Gefðu 10” sem á að stuðla að því að starfsmenn gefi hverju barni deildarinnar tíu mínútna samskipti daglega. Við settum af stað vinnu með það sem gekk misvel. Þetta verkefni verður með okkur áfram til frekari úrvinnslu í gegnum vinnu með “Jákvæðan aga” sem áður var getið, þar er lögð áhersla á að við notum virka hlustum til þess að heyra hvað sagt er.

Innra mat

Við fengum fyrirlestur um þetta efni frá þeim Ásdísi Olgu Sigurðardóttur og Kristínu Hildi Ólafsdóttur sem opnaði okkur alveg nýja sýn á mat á starfi. Töluverð umræða hefur átt sér stað um verkefnið, komin er af stað skráning á því hvað börnin eru að gera í hópastarfi frá degi til dags og einnig er verið að skrá meira varðandi verkefni barnanna. Við prófuðum okkur áfram með myndrænt mat elstu barnanna á útskriftarferðinni og sáum að það væri aðferð sem við gætum nýtt okkur í meira mæli með börnunum. Ekki tókst að ljúka ákvörðun um hvernig fyrirhugaðar ferilmöppur eiga að líta út og nýtast. Þær munu halda utan um hluta af þessu mati. Nú erum við að nýta okkur matsaðferðir eins og Smábarnalistann, Íslenska þroskalistann, Efi 2 og Hljóm 2 ásamt heimatilbúnum listum. Við eigum eftir að finna út nákvæmlega hvaða aðferðir við notum við matið og hvernig við birtum það. Þetta er langtímaverkefni sem komið er af stað og heldur áfram í vinnslu.



Hópastarf

Gerðar voru breytingar á hópastarfinu með yngstu börnunum á eldri deildum varðandi vinnu með stærðfræði í upphafi starfsársins. Í ljós kom að starfsmönnum fannst þetta ekki gagnast börnunum eins og til var ætlast svo snúið var til baka og aftur tekin upp aukin vinna með félagsproska og samskipti. Áfram var unnið í gerð vikuseðla og rýnt var í kennslugögnin og vinnu með þau. Starfsmenn telja að vikuseðlarnir séu góðir, þeir styðji vel við þá í starfinu og kennslugögnin og vinna með þau sé fín. Umræða um grunngildin náðist ekki með öllum hópnum en búið var að finna um hvað þau snúast. Í ljós kom að það var þematengd vinna sem studd var með skemmtilegum umræðum við börnin sem starfsmenn sem starfað hafa lengi söknuðu frá fyrri tíð. Fannst starfsmönnum þessum þætti ekki hafa verið sinnt sem skyldi undanfarið. Nú er búið er að setja niður tillögu að vinnu með þema sem hafist verður handa við að kynna fyrir öllum og vinna að næsta haust. Alltaf er unnið að því að virkja börnin og hvetja þau til þátttöku í öllum þáttum hópastarfsins.

Á næsta starfsári er fyrirhugað að vinna að eftirfarandi þáttum:

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaá ætlun	Ábyrgðara ðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Leikskóla- bragur Viðmót og menning Velferð og líðan	Að kenna virðingu með því að sýna virðingu. Að í viðhorfum starfsfólks komi fram að það hafi trú á getu barnanna.	Fræðast um “jákvæðan aga” t.d. fá kynningu bæði fyrir starfsmenn og foreldra, hitta aðra sem hafa unnið með efnið og lesa gögn	Hefst næsta skólaár	Verkefna- stjórahópur	Metið með öllum hvernig gengur einu sinni í mánuði út frá spurningalis ta sem við búum til sjálfar.	Að virðing sé borin fyrir öllum Að það sjáist að starfsmenn; hafi trú á getu barnanna, sú uppbyggjan



	<p>Að starfsmenn séu uppbyggjandi og hvetjandi þegar þeir leiðbeina börnunum.</p> <p>Að starfsmenn hlusti á börnin til að heyra hvað þau segja og bregðist við því sem tjáð er.</p> <p>Að brugðist sé við krefjandi hegðun af fagmennsku.</p> <p>Að börnin fái tækifæri sjálf til að leysa ágreiningsmál og taki þátt í að búa til reglur þegar við á.</p> <p>Að ákvörðunum sé fylgt eftir með góðvild og festu</p>	<p>Stofna verkefnastjórahóp til að halda utan um vinnuna</p> <p>Setja upp tímalínu varðandi framgang verkefnisins þar sem fram kemur hvað skal æfa hverju sinni, hvernig á að meta framganginn og hvernig við kynnum foreldrum og öðrum stöðuna</p>				<p>di og hvetjandi, hlusti á börnin og bregðist við vangaveltum þeirra</p> <p>bregðist af fagmennsku við krefjandi hegðun</p> <p>gefi börnunum tækifæri til að leysa úr ágreiningi og búa til reglur þegar við á,</p> <p>fylgi ákvörðunum eftir með góðvild og festu.</p>
Innra mat	Koma skipulagi á þær aðferðir sem við ætlum að nota við innra mat hvenær	Vinna úr gögnum sem nú þegar eru fyrir hendi	Skólaárið 2019 - 2020	Stjórnendateymið	Stjórnendateymið metur stöðuna í nóvember og maí	Að innra matið verði með tímanum kerfisbundið og hluti af



	við notum þær og hvernig við birtum þær	Taka ákvarðanir um hvernig við ætlum að sinna þessum þætti Setja upp matsáætlun			Metið á deildarfundum einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir áramót	starfi allra starfsmanna
Hópastarf	Kynna grunn-gildi hópastarfsins og hópastarfið allt fyrir nýjum starfsmönnum	Skoða kennslugögn og vikuseðla Ræða tilgang hópastarfsins	Skólaárið 2019 - 2020	Stjórnendateymið	Starfsmenn meta hvernig gengur í hverri viku með því að ská á vikuseðlana hvernig gekk	Unnið með kennslugögnin á einfaldan og skýran hátt. Grunngildin sem við vinnum eftir höfð í hávegum Virkja börnin til þátttöku



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl

Leikskólastjóri tekur árlega ýmiskonar samtöl við starfsmenn. Á þessu starfsári voru tekin nokkur leiðbeiningarsamtöl, viðverusamtöl, samtöl vegna yfirvofandi veikindaleyfa, samtöl

vegna endurkomu starfsmanna úr veikindum og starfslokasamtöl. Samtölunum vegna starfsþróunar var ekki lokið þegar starfsáætlun var kláruð en lögð hefur verið áhersla á að samtali við leikskólustjóra getur farið fram hvenær sem er.

Sí- og endurmenntun í starfsmannhópnum var í gangi allt árið og ýmist einstaklingsmiðuð eða fyrir hópinn í heild á skipulagsdegi. Ekki fengu allir starfsmenn tækifæri til að fara á einstaklingsnámskeið en reynt var að koma á mótis við alla eftir fremsta megni.

Á næsta skólaári verður lögð áhersla eins og fyrri ár á að fá inn í leikskólann námskeið og fræðslu sem gagnast starfsmannahópnum sem heild. Við val á fræðslu verður sjónum beint að áherslum næsta skólaárs, kröfum rekstraraðila og skólanámskránni.

Símenntun frá síðasta ári - skipulagsdagar

- Skoðunarferð í tvo leikskóla á Akureyri - áhersla á hvernig þeir vinna með læsi og hvernig húsnæðið er nýtt
Ráðstefna um læsi í háskólanum á Akureyri
- Notum húmor í starfinu – Edda Björgvinsdóttir
- Farið yfir nýja starfsáætlun - Innra mat til hvers og hvernig - Ásdís Olga og Kristín Hildur og Virk hlustun - Guðný Reynisdóttir
- Rýnt til gagns í ýmsa þætti starfsins
- Gefðu 10 - Fríða Bjarney Jónsdóttir
- Kynning á nýrri menntastefnu Fríða Bjarney Jónsdóttir
- Slys á börnum , Herdís Storgaard
- Kynning á uppeldi til ábyrgðar, Bryndís Björk Eyþórsdóttir aðstoðarleikskólustjóri í Hálsaskógi
- Kynning á “Jákvæðum aga” og verkefninu “Leiðtoginn í mér” sem stuðlar að því að byggja upp sterka einstaklinga með góða leiðtogafærni til að takast á við áskoranir í lífi og starfi.
- **Önnur fræðsla sem sótt var út fyrir skólann skólaárið 2018 – 2019**
Námskeið um nýja Völu
Efi 2
Kulnun í starfi
Kynning á nýju tölvukerfi
Vinnustofa um Hljóm 2
Námskeiðsdagur leikskólustjóra



Stjórnendadagur yfirmanna í Reykjavík
Nacac ráðstefna í Washington
Forystunám
Hegðunarvandi barna
Áhættumat vegna persónuverndar
Sýnikennsla í myndbandsgerð
Vorráðstefna Greiningarstöðvarinnar
Skráningarnámskeið á vegum Greiningarstöðvarinnar

Einnig voru haldnir LÆM fundir þar sem LÆM-teymi leikskólans sótti.
Sérkennslustjórinn ásamt þroskaþjálfanum sóttu sérkennslustjórafundum sem haldnir voru á vegum Þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sóttu fundi og fræðslu um nýju menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Fyrirhuguð fræðsla fyrir alla á næsta skólaári

Fræðsla um hvað börn eiga að geta gert eftir aldri

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar - kynning

Klám og klámvæðing - framleiðsla kynjaðra leikfanga - umfjöllun Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir

Að efla liðsheildina

Fræðsla um félagsþroska, sjálfseflingu og Jákvæðan aga

Önnur fræðsla sem fyrirhuguð er á næsta skólaári fyrir alla (t.d. námsferðir, ráðstefnur, málþing).

Stefnan er sett á að sækja ráðstefnu tengda degi leikskólans.

Sérkennslustjórinn og þroskaþjálfinn stefna á að fara á vorráðstefnu hjá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins.



7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólarnir Hraunborg, Hólaborg og Suðurborg hafa á undanförunum árum verið með listasýningu í kringum Sumardaginn fyrsta í Hólagarði. Við það tækifæri eigum við þá hefð að elstu börn skólanna, opna sýninguna með söng og bjóða gestum og gangandi að skoða listaverk allra barnanna í skólunum. Nú í ár var ekki sérstök opunarhátíð.

Samstarf við Hólabrekkuskóla var með sama sniði og áður. Eftir áramót fóru börnin í heimsóknir í skólann. Í þessum heimsóknum var skólinn skoðaður, setið var í tímum með 1. bekk, frístundin skoðuð, farið í íþróttahúsið og farið á skemmtun hjá sex ára nemendum. Nemendur fyrsta bekkjar Hólabrekkuskóla koma einnig í tvær heimsóknir í leikskólann. Nemendur fimmta bekkjar koma líka í heimsókn á Degi íslenskrar tungu og lesa fyrir börnin.

Hraunborg, Hólaborg, Suðurborg og Hólabrekkuskóli og eru þátttakendur í verkefninu Læsi, allra mál (LÆM) – Innleiðing sameiginlegrar læsisstefnu leik- og grunnskóla í Breiðholti í anda lærdómssamfélagsins. Bæði skólastigin hafa myndað teymi í sínum skóla fyrir verkefnið. Ráðgert er að auka samstarf í tengslum við LÆM verkefni, engar ákvarðanir hafa þó verið teknar.

Tónlistarskóli Sigursveins:



Samstarfið felst meðal annars í heimsókn elstu barna í tónlistarskólann og árlegu samstarfsverkefni í kringum Barnameningarhátíð.

Barnamenningarhátíð:



Elsti árgangur í leikskólanum tekur alltaf þátt í opunarhátíð Barnamenningarhátíðarinnar þar sem börnin æfa fyrir fram ákveðin lög og mæta svo í Hörpuna og syngja ásamt fjölda annarra leikskólabarna á opunarhátíðinni.



Næst elstu árgangarnir tóku þátt í myndlistarsýningu á vegum Barnamenningarhátíðar sem bar nafnið „Með sól í hjarta“ og voru verk barnanna til sýnis í Gerðubergi.

Borgarbókasafnið í Gerðubergi:



Skipulagðar heimsóknir yfir skólaárið, börnin kynnast bókasafninu í gegnum lestur og leik, þau sækja þangað skipulagðar sögustundir. Einnig kemur Sögubíllinn Æringi til okkar og er með sögustundir fyrir tvo elstu hópana.

Samstarf við slökkviliðið:



Starfsmenn slökkviliðsins heimsækja okkur einu sinni á ári til að fræða elstu börnin um eldvarnir og taka það út að eldvarnir í leikskólanum séu ávallt eins og best verður á kosið. Elstu börnin sjá um mánaðarlegt eftirlit á öryggisþáttum eins og t.d. að flóttaleiðir séu greiðar, hurðapumpur séu virkar og slökkvitæki séu aðgengileg.

8 Foreldrasamvinna

- Foreldrafélag er starfandi við skólann. Aðalfundur félagsins var haldinn í október. Félagið hefur t.d. tekið þátt í að halda opið hús fyrir jólin, aðstoðað við að halda jólaball, staðið fyrir sveitaferðum, leiksýningum, ýmsum upptökum að sumri í garðinum, kostað útskriftarferð og fært skólanum ýmsar ómetanlegar gjafir.
- Foreldrafundir fyrir foreldra barna á Lóu- og Spóalandi til kynningar á vetrarstarfinu voru 30. ágúst. Foreldrum barna á Þrastalandi var kynnt starfsemin á aðlögunartímabili barnsins.
- Foreldraviðtöl voru í október og mars flestir foreldrar nýttu sér þau og voru ánægðir með starfið. Á næsta skólaári verða viðtölin í september og mars.
- Foreldraráð var ekki til í upphafi skólaársins, það var síðan sett á laggirnar síðla árs. Í því áttu sæti þrjár fulltrúar foreldra.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

6. september – allur dagurinn

4. október – allur dagurinn (Hólabrekkuskóli einnig með starfsdag)

2. janúar – allur dagurinn (Hólabrekkuskóli í jólafríi)

7. febrúar – allur dagurinn

11. mars - allur dagurinn

11. maí – allur dagurinn (Hólabrekkuskóli einnig með starfsdag)





Leikskóladagatal 2019 - 2020

Hraunborg

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 L	1 S	1 M	1 F	1 M
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 M	2 F	2 L	2 Þ
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 Þ	3 F	3 S	3 M
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 M	4 L	4 M	4 F
5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 S	5 Þ	5 F
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S
8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M	8 F	8 M
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 M	9 F	9 L	9 Þ
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 Þ	10 F	10 S	10 M
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 M	11 L	11 M	11 F
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 S	12 Þ	12 F
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 S	15 M	15 F	15 M
16 F	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F	16 S	16 M	16 F	16 L	16 Þ
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 Þ	17 F	17 S	17 M
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 M	18 L	18 M	18 F
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 S	19 Þ	19 F
20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F	20 M	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S
22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M	22 F	22 M
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 S	23 M	23 F	23 L	23 Þ
24 L	24 F	24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 M	24 Þ	24 F	24 S	24 M
25 S	25 M	25 F	25 M	25 M	25 L	25 Þ	25 M	25 L	25 M	25 F
26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F	26 S	26 Þ	26 F
27 Þ	27 S	27 M	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 L	29 S	29 M	29 F	29 M
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 M	30 M	30 F	30 L	30 Þ
31 L		31 F	31 Þ	31 F	31 F	31 F	31 Þ	31 S	31 S	31 Þ

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

10.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

10.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Hraunborgar

<u>Guðný Sigríður Hallgrímsdóttir</u>	20.08.2019
Leikskólastjóri	Dagsetning



Fylgiskjal 1

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Greinagerð sérkennslustjóra fyrir starfsárið 2018-2019

Haustið byrjaði vel, vorum vel mönnuð í sérkennslunni en svo fóru tveir starfsmenn í langtímaveikindi, önnur er alveg hætt en hin er ennþá í veikindaleyfi. Eftir urðu sérkennslustjórinn og þroskaþjálfari. Af þessum orsökum þá dró því miður úr þjónustu við þau börn sem áttu lögbundinn stuðning frá mánaðarmótunum nóv/des. Málörvun fyrir tvítýngdu börnin datt alveg niður fyrir utan hefðbundið deildarstarf. Í mars fór svo sérkennslustjórinn í það hlutverk að leysa af deildarstjóra sem fór í langtímaveikindaleyfi, stóð þetta fram í miðjan júní. Þannig að sérkennsluteymið hefur verið ansi laskað í vetur. Í vor þá fengum við 100% starfsmann í sérkennsluna sem fór beint í það að sinna þeim börnum sem eiga lögbundinn stuðning og svo í byrjun júní kom starfsmaður í 80% starfi og sinnti hann málörvun með þeim börnum sem þurftu á því að halda.

Þrátt fyrir allt sem hefur gengið á þá hafa þeir umbótaþættir sem voru valdir gengið nokkuð vel en þó misvel. Teymisfundir voru haldnir reglulega fyrir þau börn sem hlutu sértækan stuðning í leikskólanum. Einstaklingsnámskrár voru unnar fyrir þau börn sem við átti og voru þær kynntar fyrir starfsfólki viðkomandi deildar. Þarna er hægt að gera betur með eftirfylgd sérkennslustjóra á deildarfundum deildanna. Haustið byrjaði vel eins og áður segir og byrjuðum við á að hafa reglulega fundi en þeir voru fljótir að detta niður þegar fór að fækka í teyminu. Sérkennslustjórinn og þroskaþjálfinn hittust óreglulega og fóru yfir stöðu mála og báru saman bækur sínar. Þessi þáttur þarf að komast í betra lag. Í ljósi alls þess sem hefur gengið á í vetur þá ætlum við að halda áfram með tvo af þremur umbótaþáttunum, einstaklingsnámskrá og sérkennslufundi.

Þegar málörvunarhóparnir voru virkir þá var innihald stundanna misjafnt, fór allt eftir því hvaða börn voru í hópnum. Með yngri börnunum var mikið spilað t.d. myndabingó til þess að auka orðaforða þeirra, einnig spiluðum við teningaspil þar við æfðum okkur á litunum og að telja. Eldri börnin voru meira í efni tengdu hljóðkerfisvitundinni. Einnig lögðum við áherslu á að börnin gætu svarað hinum ýmsu félagslegum spurningum um sig sjálf og nærumhverfi sitt. Börn sem komu illa út úr Hljóm-2 og Efi2 komu í málörvun. Börnin voru 2-4 í hópi og fórum í málörvun 2-3 sinnum í viku.



Deildarstjórar komu með tillögur af því hvaða börn af þeirra deild þyrftu að komast að í málörvun og sérkennslustjórinn og sérkennslukennarinn unnu svo út frá þeim tillögum.

Einstaklingsnámskrár voru á ábyrgð yfirþjálfra hvers barns en þó les sérkennslustjórinn alltaf yfir þær og samþykkir. Við gerð þeirra höfum við stuðst við niðurstöður úr AEPS-listanum ásamt því sem kemur fram á teymisfundum. Öll vinna með börnunum er skráð á tiltekin skráningarblöð sem tengjast atferlisþjálfuninni. Einstaklingsnámskrárnar voru sýnilegar inni á deildum en starfsfólk deildanna var ekki nógu duglegt að fylgjast með og athuga hverjar áherslurnar voru hverju sinni en þroskaþjálfinn var duglegur að segja þeim frá þeim í orðum.

Börn sem voru með stuðningstíma voru öll með ákveðið teymi sem vann að skipulagi náms þeirra. Í teyminu voru foreldrar, deildarstjóri, yfirþjálfari, sérkennslustjóri, ráðgjafi frá Þjónustumiðstöð Breiðholts. Ráðgjöf til foreldra kom að mestu leyti frá ráðgjöfum Þjónustumiðstöðvarinnar. Vel tókst til að halda teymisfundum þetta skólaárið.

Samstarf við Þjónustumiðstöð Breiðholts var mjög gott og alltaf var auðvelt að leita til þeirra. Á hvorri önn voru haldnir tveir samráðsfundir þar sem deildarstjórar gátu hitt sérkennsluráðgjafa, sálfræðing, talmeinafræðing og félagsráðgjafa og viðrað áhyggjur sínar af einstaka börnum eða málum sem tengdust þeirra deild. Við vorum einnig í samstarfi við Æfingastöðina og gekk það mjög vel. Við fórum með barn til þeirra í þjálfun á móti foreldrum og svo komu iðju- og sjúkraþjálfari í heimsókn til okkar hingað í leikskólann til að sjá hvernig gengi og komu með hugmyndir af þjálfun.

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	1	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	3	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	0	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	2-4	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	já	
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	já	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	



Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	já	
Eru regluleglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	já	Ef já þá hvaða aðrar stofnanir heilsugæsluna, talþjálfunarstöðvar, Æfingastöðina
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	já	

Niðurstöður innra mats

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgðar aðili	Ábyrgðaraði li	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Einstaklings Námskrár	Virkja starfsfólk betur til að vinna eftir þessum áætlunum	Kynna áætlunina á deildarfundum	Allt skólaárið því áætlunirnar taka breytingum eru lifandi plagg	Sérkennslustjóri Yfirþjálfari sérhvers barns og deildarstjóri	Sérkennslufólk býr til matsblöð þar sem starfsmenn deildanna þurfa að merkja við þegar þeir vinna með ákveðinn atriði. Síðan eru deildarfundir nýttir til að	Starfsfólk geti sagt frá hverjar áherslur einstakling snámskrárinna séu og þessi vinnubrögð verði þeim eðlislæg



					fara yfir matsblöðin	
Sérkennslu- fundir	Hafa fund á 4ra vikna fresti	Hafa fastann dag í hverjum mánuði fyrir þessa fundi og þó svo að það komist ekki allir að hafa samt fundinn	Skólaárið 2019 - 2020	Sérkennslu- stjóri	Fara yfir fundargögn og sjá hvort það hafi tekist að halda þessa fundi. Gera þetta í byrjun janúar og í byrjun júní 2020	Hversu oft voru fundirnir. Voru þeir árangursríkir, var starfsfólk ánægt með þá.



Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	nei	
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Í daglegu starfi deildarinnar, notum hlutatöflu og svo fara börnin í sérstaka málörvunarhópa.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Í daglegu starfi deildarinnar og svo í sérstökum málörvunarhópum þar sem börnunum er skipt eftir aldri og getu og því sem þau þurfa.
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	Skráð er niður hvað er gert og hvernig tókst til á heimatilbúin skráningarblöð
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun 	Já	Í daglegu starfi deildarinnar, hópastarfi og sérstökum málörvunarhópum.

Niðurstöður innra mats

Síðast liðið haust var ákveðið að sérkennslustjórinn tæki ekki að sér að sinna málörvun tvítyngdu barnanna þar sem veturinn áður þá féllu þessar stundir æði oft niður vegna annarra verkefna hjá sérkennslustjóranum. Því var stuðningsaðili innan leikskólans fenginn til þess að sinna þessum þætti sérkennslunnar. Til að byrja með gekk þetta allt saman mjög vel en í nóvember 2018 þá fór viðkomandi starfsmaður í langtímaveikindaleyfi. Ekki tókst að manna þessa stöðu fyrr en í lok maí að þá var hægt að losa starfsmann innan leikskólans. Þá fór allt á fulla ferð og öll börnin sem þurftu á málörvun að halda fengu loksins það sem þeim vantaði.





Starfsáætlun 2019 – 2020
Hraunborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Halla María Þorsteinsdóttir

Inga Björg Kjartansdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð var starfandi árið 2018 - 2019 en allir fulltrúar ráðsins eru fluttir úr hverfinu og börnin því hætt í leikskólanum eða börnin komin í grunnskóla, því tóku tveir fulltrúar foreldrafélagsins að sér að vera í foreldraráði og fara yfir starfsáætlunina.



Foreldraráð hefur yfirfarið starfsáætlun Hraunborgar fyrir skólaárið 2019-2020 og er ánægt með þær áherslur sem lagðar eru í starfi leikskólans. Starf leikskólans hefur verið faglegt og hlotið af sér gott orð og börn sem dvalið hafa þar staðið sig með eindæmum vel þegar komið er í grunnskóla.

Foreldraráð hefur miklar áhyggjur af starfsmannamálum, bæði að þrír starfsmenn fóru í langvinnt veikindaleyfi í október/nóvember og að starfsmenn með langan starfsaldur hafa hætt störfum á leikskólanum. Það má lítið út af bera svo að skólastarfið fari út úr skorðum, vegna manneklu. Virðist Spóaland mest orðið fyrir barðinu á manneklu. Hefur sérkennsla sérstaklega orðið fyrir barðinu á þessu og datt sérkennslan að miklu leyti út stóran hluta skólaársins. Teljum við að Skóla og frístundasvið gæti bætt hag starfsmanna með betri stuðning á margskonar hátt.

Okkur finnst leikskólinn þó hafa unnið gott starf á heildina lítið og almenn ánægja er meðal foreldra, þá sérstaklega á Lóulandi og Þrastalandi, en eins og komið hefur fram varð meiri röskun á Spóalandi vegna manneklu en starfsmenn reyndu sitt allra besta að gera daginn sem bestan fyrir börnin og var enginn óánægður yfir heildina lítið. Á Þrastalandi tókst mjög vel upp með þá þætti sem tilgreindir voru sem umbótaþættir, eins og tekið var fram í innra mati starfsáætlunarinnar og endurspeglaði matið upplifun foreldra.

Viljum við hrósa starfsfólki fyrir hugmyndaflug fyrir vettvangsferðir eldri barna, farið hefur verið á fjölbreytta staði þar sem börnin hafa skemmt sér konunglega. Einnig er upplifun á útskrifarferð gerð ógleymanleg fyrir börnin og er enn talað um ferðina nokkrum vikum eftir að ferðin var farin.



